



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Um hæfniviðmið

Kennslusvið

Febrúar 2023

Efnisyfirlit

Hæfniviðmið	3
Hvað eru hæfniviðmið?	3
Af hverju notum við hæfniviðmið	3
Bologna	4
Hæfniramma – EQF/NQF	4
Þekking – Leikni – Hæfni	5
Að skrifa hæfniviðmið	5
Hvernig skrifa ég hæfniviðmið námskeiða	5
Leiðarvísir um gerð hæfniviðmiða námskeiða	7
Algengustu gildrurnar sem kennarar lenda í við skrif á hæfniviðmiðum:	7
Nánar um flokkunarkerfi Bloom	7
Sagnorðalisti (athafnamiðaðar sagnir)	8
Dæmi um vel skilgreind hæfniviðmið	9
Hvernig skrifa ég lokaviðmið námsleiða	10
Tengsl lokaviðmiða námsleiða og hæfniviðmiða námskeiða	11

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið eiga að lýsa því sem nemendur eiga að geta gert að námi loknu.

Með hæfniviðmiðum er hefðbundinni námskrárgerð að vissu leyti snúið á hvolf. Í stað þess að hugsa fyrst og fremst um hvað kennarinn ætlar að gera er sjónum beint að námi nemanda og því hvað hann eða hún á að vera fær um við námslok. Í kennslufræðunum er talað um að farið sé frá kennaramiðuðu sjónarhorni til nemenda- eða námsmiðaðs sjónarhorns.

Að verja tíma í að skrifa góð hæfniviðmið gerir hönnun náms, kennslu, mat og endurgjöf í framhaldinu miklu auðveldari.

Hvað eru hæfniviðmið?

Hæfniviðmið eða Learning Outcomes (hefur líka verið þýtt sem lærdómur eða lærdómsviðmið¹) eru staðhæfingar um það hvað námsmaður á að geta gert að námi loknu.

Hæfniviðmið koma víða að:

- Koma inn í háskólana í kringum 2000 í tengslum við síaukna áherslu á útkomumiðaða sýn eða nemendamiðaða sýn á nám².
- Í tengslum við ákveðið ákall úr atvinnulífinu sem kallaði eftir skýrar upplýsingum um hvað nemendur kunna og geta að námi loknu.
- Með alþjóðavæðingu, t.d. með Bologna ferlinu sem hefur verið í gangi frá 1999. Bologna ferlinu er ætlað að leiða til samevrópsks háskólasvæðis þar sem nemendur og kennarar geta auðveldlega farið á milli skóla í mismunandi löndum – m.a. með því að auðvelda mat á námi. Hæfniviðmiðin eru ein leið til að útskýra hvað nemendur eiga að hafa lært að námi loknu. Alþjóðavæðingin birtist líka í evrópska hæfnirammaþingnum en markmið hans er að auka sveigjanleika og sýnileika náms og starfa milli landa.
- Hæfniviðmið tengjast líka umræðunni um símenntun/ævimenntun (lifelong learning) og mati á raunfærni. Hvernig er hægt að meta það sem einstaklingur kemur með, með sér í nám (nám fyrir utan formlega skólakerfið, reynsla af ýmsu t.d. frá vinnumarkaði, félagsstörfum og fl.) og hvar staðsetjum við það miða við formlega skólakerfið.

Hæfniviðmið styðja og leiðbeina:

- Gefa til kynna hvað hæfni er stefnt að á námstímanum
- Gefa nemendum til kynna hvað þeir muni fást við í náminu og hvernig verður lagt mat á það
- Gefa hagsmunaaðilum upplýsingar um inntak námsleiða
- Skapa grundvöll til endurskoðunar á námi
- Efla umræðu um kennslu og nám

Að verja tíma í að skrifa góð hæfniviðmið gerir hönnun náms, kennslu, mat og endurgjöf í framhaldinu miklu auðveldari.³

Af hverju notum við hæfniviðmið

Hæfniviðmið og setning þeirra er hluti af Bolognaferlinu. Markmið þess er að skapa samevrópskt háskólasvæði og auðvelda hreyfanleika nemenda og kennara á milli landa.

¹ Sjá [orðaskrá um evrópska menntastefnu](#)

² Kennedy, D. (2006) Writing and using learning outcomes: a practical guide, Cork: University College Cork. Sótt af <https://cora.ucc.ie/handle/10468/1613>

³ <https://blogs.shu.ac.uk/assessmentessentials/course-design/#LO>

[Bolognaferlið](#) var kerfisbundið innleitt í íslenskt háskólastarf með lögum um háskóla frá 2006 og þá gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út fyrstu viðmið sín um æðri menntun og prófgráður.

Núgildandi viðmið um [æðri menntun og prófgráður voru gefin út 2024](#). Þau eru trygging íslenskra stjórnvalda um gæði háskólanáms á Íslandi og er skipt í þrjú svið; þekkingu (knowledge), leikni (skills) og hæfni (competence).

Bologna

Tilgangur viðmiðanna er fyrst og fremst að gera nemendum kleift að sækja nám á milli ólíkra háskóla álfunnar og fá nám sitt metið. Viðmiðin eða tækin sem valin voru til að auðvelda samanburð og tryggja gæði prófgráðu eru af ýmsum toga. Saminn var evrópskur viðmiðunarramma þar sem dregin var fram sú hæfni sem eðlilegt þótti að nemendur byggju yfir að loknu námi á ýmsum stigum náms ([European Qualification Framework](#)) og samstarfslöndum falið að búa til svipaða ramma heima í héraði sem endurspegluðu sérstöðu hvers lands, sbr. [Hæfniramma um íslenska menntun](#). Mælt var með því að háskólanám væri skipulagt á þremur þrepum þar sem BA/BS nám væri almennt til þriggja ára, meistaranám tvö og doktorsnám þrjú. Ákveðið var að nám nemenda ætti fyrst og fremst að mæla í vinnustundum sem nemendur leggja í námið (ECTS) og að hverju prófskírteini fylgdi skírteinisviðauki ([Diploma supplement](#)) þar sem finna má greinagóða lýsingu á námi nemenda, inntaki þess og skipulagi. Þannig ættu viðtakendur auðveldar með að átta sig á að hvers konar hæfni nemendur búa yfir við námslok.

Í lögum sem sett voru árið 2006 var íslenskum háskólum gert skylt að sækja um svokallaða viðurkenningu. Hluti af þeirri umsókn var krafa menntamálayfirvalda um að skilgreina ætti lokaviðmið allra námsleiða. Á sama tíma gáfu yfirvöld út fyrstu viðmið sín um [æðri menntun og prófgráður](#) (National Qualification Framework for higher education). Þau viðmið eru trygging íslenskra stjórnvalda um gæði háskólanáms á Íslandi. Í viðmiðunum segir:

„Viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi eru kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms- og prófgráða á háskólastigi sem taka sérstaklega til viðmiða um lærdóm (e. learning outcomes) við námslok. Allir háskólar á Íslandi sem öðlast viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 skulu fylgja þeim viðmiðum sem hér eru sett fram.“

Hæfniramma – EQF/NQF

[Hæfniramma um íslenska menntun](#) lýsir þeim kröfum sem gerðar eru við námslok á hverju skólastigi og í atvinnulífinu. Hann endurspeglar menntakerfi landsins og er skipt í 7 þrep. Íslenski hæfniramminn byggir á Evrópska hæfniramma um menntun ([European Qualification Framework](#) – EQF) sem er 8 þrep og er ætlað að auka gegnsæi milli evrópskra menntakerfa, í þeim tilgangi að einstaklingar fá menntun og starfsréttindi viðurkennd á milli landa. Hæfniramma um var skipt upp í þrjú svið; þekkingu (knowledge), leikni (skills) og hæfni (competence) eins og gert er í Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Evrópski hæfniramminn var hins vegar endurskoðaður árið 2017 og nú er þeim ramma skipt upp í þekkingu (knowledge), leikni (skills) og sjálfstæði og ábyrgð (responsibility and autonomy)⁴.

Öll viðurkennd námslok á grunn-, framhalds- og háskólastigi hafa verið sett á þrep auk námskráa í framhaldsfræðslu sem fengið hafa vottun Menntamálastofnunar.

⁴ <https://europa.eu/europass/en/description-eight-ef-levels>

Þekking – Leikni – Hæfni

Samkvæmt [viðmiðunum um æðri menntun og prófgráður](#) og [hæfniramma um íslenska menntun](#) á hæfni útskrifaðra nemenda að falla á þrjú svið sem eru þekking (e. knowledge), leikni (e. skills) og hæfni (e. competence). Í viðmiðunum eru þessi hugtök skilgreind á eftirfarandi hátt.

- **Þekking** er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða sem einstaklingur hefur tileinkað sér. Þekking er bæði fræðileg og hagnýt.
- **Leikni** felur í sér færni til að beita þekkingu. Leikni getur falist í almennri leikni sem ekki er bundin ákveðinni fræðigrein eða starfsgrein og sérhæfðri leikni.
- **Hæfni** felur í sér yfirsýn og getu til að nýta þekkingu og leikni við nám og starf.

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur „þekking“ verið skilgreind sem úrvinnsla upplýsinga með námi. Þekking er meginatriði staðreynda, meginreglna, kenninga og venja sem tengjast sviði vinnu eða námi. Í samhengi við EQF er þekkingu lýst sem fræðilegri og / eða sem staðreyndum. „Leikni“ hefur verið skilgreind sem geta til að beita þekkingu og nota þekkingu til að ljúka verkefnum og leysa vandamál. Í samhengi við EQF er leikni lýst sem hugrænum ferlum eða hagnýtum. Hæfni er hugtak sem er erfitt viðfangs og ekki allir sammála um skilgreiningu á því. Í tengslum við umræðu um hæfniramma og hæfniviðmið hefur með hugtakinu gjarnan verið vísað til þess að nemandi búi yfir nægri þekkingu og leikni til að geta gert eitthvað ákveðið/framkvæmt. Þannig er hæfni í þessu samhengi samspil þekkingar, leikni og ákveðinna viðhorfa sem reynt var að nálgast með endurskoðun á evrópska hæfniramma árið 2017. En þar var þrískiptingunni breytt úr þekking, leikni og hæfni í þekking, leikni og sjálfstæði og ábyrgð. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur sjálfstæði og ábyrgð verið skilgreind sem getan til að beita þekkingu og leikni á sjálfstæðan og ábyrgan hátt og hæfni hefur verið skilgreind sem **staðfest geta** til að nota þekkingu, leikni og persónulega, félagslega og / eða aðferðafræðilegir hæfileika, í vinnu eða námi og í tengslum við faglegu og persónulega þróun.⁵

Að skrifa hæfniviðmið

Hæfniviðmið segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni nemendur eiga að geta sýnt að loknu námi.

Hægt er að skrifa hæfniviðmið í mismunandi samhengi, t.d. fyrir námsleið og námskeið. Til aðgreiningar er hjá Háskóla Íslands talað um hæfniviðmið námskeiða og lokaviðmið námsleiða.

Til að nálgast verkefnið má ímynda sér eftirfarandi aðstæður:

Þú ert að kenna námskeið og til þín kemur væntanlegur nemandi og spyr þig: Hvað á ég að geta gert eftir að hafa lokið þessu námskeiði?

Skilgreining hæfniviðmiða felst í því að svara þessum nemanda í svona 5-8 stuttum setningum.

Nemandi sem uppfyllir kröfur í skilgreindum hæfniviðmiðum námskeiðs við námskeiðslok hefur lokið námskeiði með tilskyldum árangri. Vanti eitthvað þar uppá hefur nemandi ekki lokið námskeiði á fullnægjandi hátt. Mikilvægt er að skilgreind hæfniviðmið taki til lykilhæfni sem þjálfuð er í námskeiði.

Hvernig skrifa ég hæfniviðmið námskeiða

Þegar hæfniviðmið eru skrifuð er gott að hafa í huga að þau eiga að veita nemandanum upplýsingar um hvers er ætlast af þeim í námskeiðinu. Jafnframt skiptir máli að skrifa hæfniviðmið þannig að hægt sé að meta hvort nemandur hafi náð þeirri hæfni sem lýst er.

⁵ <https://www.cedefop.europa.eu/en/events-and-projects/projects/european-qualifications-framework-eqf>,
<https://data.consilium.europa.eu/doc/document/ST-9620-2017-INIT/en/pdf>

Gott er að hafa eftirfarandi atriði í huga við skrif á hæfniviðmiðum:

- Skýr upphafssetning auðveldar orðun hæfniviðmiða; Að loknu námskeiði ætti nemandi að geta:
- 5 – 8 hæfniviðmið í hverju námskeiði er að jafnaði talið ágætt viðmið
- Hæfniviðmið eiga að lýsa þeirri hæfni sem nemandi á geta sýnt við lok náms
- Hæfniviðmið þurfa að vera metanleg
- Mikilvægt er að hvert hæfniviðmið innihaldi skýra sögn því hún dregur fram þá hæfni sem nemandi á að geta sýnt að námi loknu.

Til að aðstoða við val á sögnum hefur flokkunarkerfi Bloom⁶ reynst gagnlegt.

Hæfniviðmið námskeiða er að finna í Kennsluskrá, auk þess sem þau ættu að vera aðgengileg í kennsluáætlun námskeiða.

Háskólakennarar lenda oft í vanda við að sjá undir hvaða flokk (þekking, leikni, hæfni) hæfniviðmiðin sem þeir eru að skilgreina falla. Satt að segja er það ekkert lykilatriði að flokka hæfniviðmið námskeiða í þessa flokka. Meira máli skiptir að hæfniviðmiðin séu góð og nái yfir hæfni sem skiptir í raun miklu máli í námi nemenda. Í sumum námskeiðum er hugsanlega verið að vinna nær eingöngu með þekkingu (t.d. í hefðbundnu kenningarnámskeiði) á meðan önnur eru fyrst og fremst á sviði leikni (t.d. aðferðafræði eða vinnulag).

Hæfniviðmið námskeiða eru beintengd námsmati ólíkt lokaviðmiðum námsleiða. Það þýðir að mikilvægt er að þau séu skilgreind þannig að kennari geti lagt mat á hvort nemendur hafi náð tökum á skilgreindri hæfni eða ekki og kennari þarf að geta sagt til um hvort nemandinn getur sýnt hæfnina. Skoðum tvö dæmi:

Að loknu námskeiði ætti nemandi að geta:

- a) **þekkt** helstu kenningar á [einhverju sviði]
- b) **greint** á milli helstu kenninga um [eithvað]

Kennari sem ætlar að leggja mat á það hvort nemendur búa yfir þeirri hæfni sem skilgreind er í hæfniviðmiði a) myndi líklega lenda í vanda með að meta hugarfærnina „að þekkja“ enda er það hugtak frekar óljóst og teygjanlegt. Á nemandinn **að benda** á kenninga þegar þeim bregður fyrir í texta? Á hann að geta **endursagt** valdar kenningar? **Borið saman** kenningar? **Lagt gagnrýnið mat** á kenningar? Eins og sjá má af þessu dæmi eru sagnirnar í viðmiðunum mikilvægar.

Mikilvægt er að endurskoða hæfniviðmið námskeiða reglulega til að tryggja að þau séu í raun og veru að endurspeglu áherslu í námskeiðinu – vert er að huga að því að námskeiðslýsing og hæfniviðmið námskeiðs er í raun „söluræðan“ til væntanlegra nemenda.

Við endurskoðun getur verið gott að hafa eftirfarandi spurningar í huga:

- Er samræmi á milli námskeiðslýsingar og hæfniviðmiða námskeiðs?
- Ná hæfniviðmiðin yfir hæfni sem skiptir máli og er mikilvægt að nemendur búi yfir að námskeiði loknu?
- Eru hæfniviðmiðin skilgreind þannig að kennari getur lagt mat á hvort nemendur hafi náð tökum á þeirri hæfni sem um ræðir?

⁶ Bloom, Benjamin S. (1956). Taxonomy of Educational Objectives, Handbook 1: Cognitive Domain.

Leiðarvísir um gerð hæfniviðmiða námskeiða⁷

- ☐ Byrjaðu hvert hæfniviðmið á athafnamiðaðri sögn.
- ☐ Notaðu aðeins eina sögn fyrir hvert hæfniviðmið.
- ☐ Forðastu að nota sagnir sem eru óskýrar og erfitt er að meta, eins og t.d. vita, skilja, þekkja, læra, vera meðvitaður um.
- ☐ Forðastu flóknar setningar, ef það er nauðsynlegt notaðu fleiri en eina setningu til að tryggja skýrleika.
- ☐ Tryggðu að hæfniviðmið námskeiðsins séu í samræmi við lokaviðmið námsleiðarinnar.
- ☐ Tryggðu að hæfniviðmið námskeiðsins séu í samræmi við námskeiðslýsingu námskeiðsins.
- ☐ Hæfniviðmiðun verða að vera skýr og mælanleg.
- ☐ Hugaðu að því hvort það sé raunhæft fyrir nemendur að nám hæfniviðmiðum námskeiðsins miða við umfang þess, tími og fjölda eininga.
- ☐ Hafðu í huga þegar þú skrifar hæfniviðmiðin hvernig þú ætlar að meta árangur nemenda.
- ☐ Biddu samstarfsfólk og nemendur um að lesa yfir hæfniviðmiðin áður en þú birtir þau.
- ☐ Hafðu öll stigin í flokkunarkerfi Bloom í huga þegar þú skrifar hæfniviðmiðin (minni, skilningur, beiting, greining, nýmyndun og mat)

Algengustu gildurnar sem kennarar lenda í við skrif á hæfniviðmiðum⁸:

- Notkun á sögunum „Skilja“ og „Þekkja“ – erfitt að meta hvort nemendur skilji eða þekki, sbr. dæmi hér að ofan.
- Hæfniviðmið eru ekki í samræmi við námsmat – til dæmis ef hópvinna er aðalatriði í námsmati en er ekki einu sinni nefnt í hæfniviðmiðunum
- Ofnotkun á sögnum sem flokkast undir lægri stig menntunar samkvæmt flokkunarkerfi Blooms, - flokkunarkerfið hjálpar til við að skilgreina hæfniviðmið á fjölbreyttum stigum menntunar, sjá nánar um flokkunarkerfi Bloom hér fyrir neðan.
- Óskýr orðun hæfniviðmiða – reyndu að hafa hæfniviðmiðin eins stutt og hnitmiðuð og hægt er

Nánar um flokkunarkerfi Bloom

Samkvæmt Bloom fer allt nám fram á þremur sviðum, þ.e. þekkingarsviði (e. cognitive domain), viðhorfa- og tilfinningasviði (e. affective domain) og leiknisviði (e. psychomotor domain). Á hverju sviði er markmiðum skipað niður í stig eftir því hve flókin þau eru talin og er flokkunarkerfið stigbundið þannig að hafi nemendur náð markmiði eða hæfni á efri stigum má ganga út frá því sem gefnu að þeir hafi náð því á lægri stigum.

Megintilgangur flokkunarkerfisins er að auðvelda kennurum að setja kennslu sinni hæfniviðmið og um leið gæta þess að í námi sé verið að efla fleiri svið en hið vitsmunalega en um leið að verið sé að styrkja fjölbreytta hæfni innan hvers sviðs. Hvert stig er skilgreint sérstaklega og með því settar fram sagnir sem eiga að segja til um hvers konar hæfni verið er að kalla eftir eða þjálf.

⁷ Byggt á, Kennedy, D. (2006) Writing and using learning outcomes: a practical guide, Cork: University College Cork. Sótt af <https://cora.ucc.ie/handle/10468/1613>

⁸ Byggt á https://docs.google.com/document/d/150wDzSYcuJ_S8SXYXcheH8Qp8zrl-OB0W8oQ4aOGaJI/edit#

Samkvæmt hugmyndum Bloom er þekkingarsviðinu skipt í sex stig, minni, skilning, beitingu, greiningu, nýmyndun/nýsköpun og mat. Markmiðum á viðhorfa- og tilfinningasviðinu er skipt í fimm stig, athygli/eftirtekt, svörun/þátttöku, alúð/rækt, heildarsýn/ábyrgð og heildstætt gildismat. Markmið á leiknisviði ná til eins og nafnið gefur til kynna hvers konar leikni. Dæmi um flokkun á þessu sviði er skynjun, viðleitni, svörun/eftirlíking, vélræn leikni, flókin leikni (færni), aðlögun og skapandi tjáning.

Þessar hugmyndir Bloom hafa haft mikil áhrif á þróun í námskrár- og námsefnisgerð en þó fyrst og fremst greining á þekkingarsviðinu. Viðhorfa- og tilfinningasviðið og leiknisviðið hafa haft minni áhrif⁹.

Hér gefur að líta flokkun námsmarkmiða á **þekkingarsviðinu**



Til að einfalda vinnu kennara er hér settur fram listi yfir dæmi um sagnir sem lýsa hæfni á ólíkum stigum:

Sagnorðalist¹⁰ (athafnamiðaðar sagnir)

Minni (knowledge)

Hér er lögð áhersla á að nemandinn muni staðreyndir, skilgreiningar, kenningar o.s.frv. Notið sagnir á borð við:

Vitna í, skilgreina, lýsa, auðkenna, merkja, skrá, staðsetja/finna, tengja saman, leggja á minnið, nefna, draga saman (samantekt), rifja upp, þylja upp, bera kennsla á, skrá niður, tengja, endurtaka, endurskapa, velja, tjá/lýsa yfir.

⁹ Ingvar Sigurgeirsson (1999). Að mörgu er að hyggja. Handbók um undirbúning kennslu.

¹⁰ Sagnorðalistinn byggir á samantekt Stanny, J. Claudia. (2016). Reevaluating Bloom's Taxonomy: What Measurable Verbs Can and Cannot Say about Student Learning. *Education Sciences*, 6(4), p.37.

Skilningur (comprehension)

Hér er lögð áhersla á að nemandinn leggi merkingu í þá þekkingu sem hann hefur aflað sér, að hann skilji það sem hann sér, heyrir og les. Notið sagnir á borð við:

Flokka, bera saman, umbreyta, verja (eitthvað/einhvern), lýsa, ræða, greina á milli, áætla, útskýra, tjá (sig), auðkenna, álykta, túlka, staðsetja, umorða, segja/spá fyrir um, bera kennsl á, skýra frá, endurtaka, fara yfir (lesa yfir), endurskrifa, draga saman (samantekt), þýða.

Beiting (application)

Hér lögð áhersla á að nemendur geti beitt þekkingu, hugtökum, dæmum, aðferðum og kenningum við mismunandi aðstæður, þekktar og óþekktar. Notið sagnir á borð við:

Taka af skarið, beita, reikna, velja, byggja upp, skýra með dæmum, sýna myndrænt, túlka, hagræða/hafa áhrif á, breyta, stjórna, æfa/þjálf, undirbúa, framleiða, tengja, skipleggja, sýna, skissa upp, leysa, nota.

Greining (analysis)

Hér er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að beita gagnrýnni hugsun, færa rök fyrir máli sínu og draga ályktanir af upplýsingum og heimildum, styðja mál sitt með tilvísun í heimildir, setja fram tilgátur sem eiga við rök að styðjast og greina á milli staðreynda og ályktana. Notið sagnir á borð við:

Greina, meta, flokka, bera saman, benda á andstæður, gagnrýna, aðgreina, gera upp á milli, greina á milli, aðskilja, skoða (eitthvað/einhvern nákvæmlega), álykta, lýsa í grófum dráttum, benda á, spyrja, tengja, velja, aðskilja, skipta niður, prófa.

Mat (evaluation)

Hér er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að leggja rökstutt mat á upplýsingar, hugmyndir, viðhorf og gildismat. Notið sagnir á borð við:

Meta, rökræða, velja, bera saman, álykta, gagnrýna, verja, áætla, stjórna, undirbúa, endurskipuleggja, búa til.

Nýmyndun (synthesis)

Hér er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að setja fram hugmyndir og tillögur, til þess að þróa, hanna, semja og leita lausna með hjálp skapandi hugsunar. Notið sagnir á borð við:

Raða/skipuleggja, setja/safna saman, sameina, semja/yrkja, byggja upp, skapa, hanna, þróa, finna upp, móta, búa til, breyta, skipuleggja, gera áætlun, undirbúa, framleiða, raða (eftir t.d. einkunn), endurskoða, skrifa.

Dæmi um vel skilgreind hæfniviðmið

Hjá Háskóla Íslands hefur verið lagt til að hæfniviðmið námskeiða byrji alltaf á sama hátt, „Að loknu námskeiði ætti nemandi að geta.....“. Áhersla er á að lýsa því sem nemandi ætti að geta gert því ekki er hægt að fullyrða að nemandi nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru.

Dæmi 1

Að loknu námskeiði ætti nemandi að geta:

- notað rannsóknir og kenningar um nám og kennslu
- skipulagt nám og kennslu á framhaldsskólastigi í samstarfi við aðra
- útskýrt mikilvægi markmiða og hæfniviðmiða í námi
- sett fram faglega rökstuddar kennsluáætlanir
- beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum
- notað ólíkar leiðir til að meta nám nemenda

- útskýrt margvísleg kennslufræðileg viðfangsefni, svo sem við bekkjarstjórn, við að efla áhugahvöt nemenda eða að taka mið af mismunandi þörfum þeirra
- greint helstu einkenni kennarastarfsins og nýtt við mótun eigin starfskenningar.

Dæmi 2

Að loknu námskeiði ætti nemandi að geta:

- gert grein fyrir helstu hugtökum um gæði mælinga í félagsvísindum (t.d. réttmæti og áreiðanleiki mælinga) í ritun fræðilegs texta.
- greint gæði mælinga a) með tilvísun í helstu hugtök um gæði mælinga og b) með atriðagreiningu í SPSS
- notað þáttagreiningu í SPSS til þess að a) greina réttmæti mælinga og b) til þess að smíða samsettar mælingar
- gert grein fyrir notagildi fjölbreytuaðhvarfs í rannsóknum í félagsvísindum
- beitt fjölbreytuaðhvarfi í SPSS til þess greina tengsl milli breyta í stórum sem smáum gagnasöfnum
- beitt gagnrýnni hugsun við að lesa niðurstöður sem byggja á atriðagreiningu, þáttagreiningu og fjölbreytuaðhvarfi.

Hvernig skrifa ég lokaviðmið námsleiða

Með skilgreiningu lokaviðmiða námsleiðar eru sett fram þær lágmarkskröfur sem nemandi þarf að standast til að teljast hafa náð settum viðmiðum í náminu (á ólíkum stigum). Þessi viðmið segja ekkert til um hvaða einkunn nemandi hlýtur heldur eru eingöngu staðfesting á að nemandi búi yfir ákveðinni hæfni. Segja má að í lokaviðmiðum námsleiða endurspeglir sýn háskólans (eða deildar) á hvers konar nemendur útskrifast úr námi. Námsleiðir við Háskóla Íslands eru margar og mismunandi og því hafa ekki verið gefin út viðmið um fjölda viðmiða en mikilvægt er að þau endurspegli [Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður](#). Þegar nemendur útskrifast fá þeir yfirlit yfir lokaviðmið í skjali sem heitir Skírteinisviðauki ([Diploma supplement](#)).

Þegar lokaviðmið námsleiða eru skilgreind þurfa þau í það minnsta að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður en að auki geta kennarar námsleiða skilgreint viðmið um aðra hæfni sem talin er mikilvæg innan greinarinnar. Ekki þarf að endurtaka hæfniviðmið menntamálayfirvalda orðrétt en mikilvægt að sú hugsun og sú krafa um gæði sem þar er sett fram sé sýnileg í lokaviðmiðum námsleiða. Athugið líka að lokaviðmið námsleiða eru sjaldan beintengd formlegu námsmati, þannig eru þau almennari en hæfniviðmið námskeiða og gert er ráð fyrir að þeim sé skipti í þekkingu, leikni og hæfni.

Enginn er betur til þess fallinn að skilgreina lokaviðmið námsleiðar en kennarar viðkomandi námsleiðar. Gagnlegast er að gera það að undangenginni kerfisbundinni námskrárumræðu innan greinar þar sem leitað er svara við spurningum eins og:

- Hvernig nemendur viljum við útskrifa úr okkar grein?
- Hvað eiga nemendur okkar að geta við námslok?
- Hefur einhver breyting orðið á stefnu fræðasviðs, deildar eða háskólans sem þarf að taka tillit til?
- Hvað segja hagsmunaaðilar eins og nemendur (núverandi og útskrifaðir), fulltrúar atvinnulífsins, fulltrúar fagfélaga (ef við á) eða aðrir um námið?
- Hvaða viðmið hafa aðrir háskólar sem námsleiðin vill bera sig saman við sett fyrir sitt nám?
- Hvernig eru viðmið um æðri menntun og prófgráður útfærð í lokaviðmiðum námsleiðarinnar?

Tengsl lokaviðmiða námsleiða og hæfniviðmiða námskeiða

Lokaviðmiðum námsleiða er skipti í þekkingu, leikni og hæfni en ekki er gerð krafa um að hæfniviðmiðum námskeiða sé skipt í þessa þrjá flokka.

Til að ganga úr skugga um hvort og hvernig nemendum eru búnar námsaðstæður til að öðlast þá þekkingu, leikni og hæfni sem ætlast er til að þeir búi yfir við námslok þarf að skoða kerfisbundið hvar (þ.e. í hvaða námskeiðum) nemendur fá þá þjálfun sem þeir þurfa til að ná viðmiðum. Gagnleg leið til þess er að nota svokallaðar hrísltöflu sem nota má til að kanna samræmi og stíganda í námi út frá lokaviðmiðum námsleiða. Myndin hér að neðan sýnir dæmigerða hrísltöflu. **Hér** má nálgast skapalón fyrir hrísltöflu og [hér](#) má finna fjölmörg skapalón fyrir hrísltöflugerð sem vert er að skoða.

HRÍSLTAFLA	Hæfniviðmið 1.	Hæfniviðmið 2.	Hæfniviðmið 3.	Hæfniviðmið 4.	Hæfniviðmið 5.	Hæfniviðmið 6.
Námskeið 1.						
Námskeið 2.						
Námskeið 3.						
Námskeið 4.						
Námskeið 5.						
Námskeið 6.						
Námskeið 7.						
Námskeið 8.						

Lokaviðmið námsleiðar eru hér skráð á lárétta ásinn og heiti námskeiða á námsleið á þann lóðrétt. Hér er mikilvægt að staldra við og ákveða hvaða viðmið verða notuð til að meta hvort að ákveðið hæfniviðmið er hluti af námsmati námskeiðs. Ef hæfnin er ekki metin í námskeiði er nokkuð gefið að ekki er hægt að setja til um hvort nemendur búi yfir henni við námskeiðslok. Það er álitamál hversu stór hluti af námsmati metin hæfni þarf að vera til að teljast til námskeiðs enda ólíkar hefðir sem ríkja milli háskólagreina en margir hafa miðað við 5% eða meira. Önnur leið er að finna kvarða sem segir til um hvort hæfniviðmiðið er kjarni í námskeiði, aukaefni í námskeiði eða ekki hluti af námskeiði.

Eins og skilja má er nauðsynlegt að allir kennarar námsleiðar vinni saman að gerð hrísltöflu enda yfirleitt þeir einir sem þekkja til hlítar hæfniviðmið, verkefni og námsmat námskeiða. Hrísltöflugerðin getur því verið tímafrek og kallar á samstarf um námskrárgerð. Gott er að kennarar hafa undirbúið hrísltöflugerðina með því að skilgreina eða endurskoða hæfniviðmið námskeiða við námsleiðina.

Við hrísltöflugerð getur komið í ljós bæði skörun og skallablettir. Skörun getur verið afar eðlileg þegar um er að ræða hæfni sem er kjarnaatriði í kennslu greinar en hins vegar getur hún líka verið óþörf eða í það minnsta getur verið góð ástæða til að skoða af hvaða toga hún er. Skallablettir benda til þess að hvergi sé verið að þjálfra hæfni sem skilgreind hefur verið sem mikilvæg innan námsleiðar. Komi upp skallablettir er mikilvægt að kennarar velti fyrir sér hvort viðkomandi lokaviðmið sé í raun mikilvægt og ef svo er að endurskoða skipulag námskeiða og ganga úr skugga um að nemendur fá í raun þjálfun til að efla þessa hæfni.

Í einstaka tilfellum hefur það komið í ljós við hrísltöflugerð að námskeið sem kennt er á námsleið er í raun ekki að fást við neitt af skilgreindum lokaviðmiðum námsleiðar. Í þeim tilfellum þarf að skoða vel viðfangsefni námskeiðs. Það getur verið sérhæft valnámskeið en getur líka verið að þarna sé verið að kenna eitthvað sem fellur hreinlega utan þeirra þekkingar, leikni og hæfni sem lögð er áhersla á í greininni.